

Kirkjuþing 2020-2021.

28. mál-þskj. 28.

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um heimasíðu og aðra miðla.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni.

Frsm. Hreinn S. Hákonarson.

Kirkjuþing 2020 samþykkir að biskup skipi nefnd þriggja fulltrúa til að leggja fram drög að ritstjórnarstefnu fyrir miðla þjóðkirkjunnar og skili hún tillögum sínum fyrir næsta framhaldskirkjuþing 2020/kirkjuþing 2021.

#### Greinargerð.

Segja má að vefmiðillinn kirkjan.is sé mál gagn þjóðkirkjunnar og andlit hennar í netheiminum. Þar er að finna hvers kyns upplýsingar um starf þjóðkirkjunnar og uppbyggingu, lagalegan grunn, starfsreglur og fréttir.

Þjóðkirkjan er sömuleiðis skráð á Instagram og Twitter og notar þá miðla í fremur litlum mæli. Líta mætti til nágrannakirkna okkar til að sjá hvernig þær nota þá miðla. Sænska kirkjan er til dæmis mjög öflug á Twitter. Facebook notar þjóðkirkjan og er sú notkun allmikil. Ekki þarf að fara í grafgötur með það að ef vel tekst til með framsetningu efnis á þessum miðlum nútímans þá er hægt að ná til fjölda fólks með fagnaðarerindi kirkjunnar í búningi sem hæfir mörgu nútímafólki og þá ekki síst því yngra.

Þjóðkirkjan hefur ekki sett sér neina formlega ritstjórnarstefnu í sambandi við ofangreinda miðla en með því er átt við markmiðslýsingu á efni þeirra og notkun sem og þær grundvallarreglur sem þjóðkirkjan ætlar að hafa í heiðri í umfjöllun á vefnum. Með þessu er ekki verið að segja að neitt óviðeigandi hafi þar birst, fráleitt er það. Hins vegar er mikilvægt að mati flutningsmanns að vandaður rammi sé utan um þessi rafrænu nútíma málöggn þjóðkirkjunnar, skýrar reglur og viðmið, og að allt sem þar er sett fram í nafni þjóðkirkjunnar sé í samræmi við játningargrundvöll hennar sem og innri samþykktir að því leyti sem þær eiga við.

Heimasíður norrænna þjóðkirkna geta verið fyrirmyndir í þessu efni og eru með ýmsu móti eðli máls samkvæmt. Hver hefur sinn stíl og uppbygging þeirra er ólík um margt og dregur það dóm af stærð þeirra og umfangi. Ljóst er að hópur fólks starfar við þessa miðla og líklegt að þjóðkirkjan þurfi að líta til þess í sínum ranni svo notkun þeirra verði markviss og árangursrík. Heimasíðu norsku kirkjunnar er t.d. stjórnað af sérstakri deild, sjá hér:

<https://kirken.no/nb-NO/om-kirken/slik-styres-kirken/kirkeradet/avdeling-for-kommunikasjon/>. Sjá: <https://www.folkekirken.dk/>, <https://www.svenskakyrkan.se/>, <https://kirken.no/>

Kostnaður við þriggja manna nefnd:

Best væri að nefndin héldi sem flesta zoom-fundi en þyrfti eflaust að koma saman upp á gamla móðinn. Ætla mætti að 10 fundir myndu nægja til að ganga frá uppkasti að ritstjórnarstefnu.